

Mánudaginn 11. ágúst 2014 kom fjallskilastjórn Miðfirðinga saman til fundar að Staðarbakka. Nefndin skipti með sér verkum; Formaður Rafn Benediktsson, ritari Valgerður Kristjánsdóttir og meðstjórnandi Heiðar Þór Gunnarsson.

Fyrir var tekið: Niðurjöfnun fjallskila og mat á þeim. Ákveðið að fara í göngur fimmtudaginn 4. september n.k. og réttað verði laugardaginn 6. september. Stóðrétt hefst kl 9:00 og sauðfjárrétt strax og söfn komi til réttar.

Heimalandasmölun skuli fara fram 27. september og skilarétt 28. september kl 14:00.

Rætt um mat á fjallskilaskildri vinnu og ákveðið að hækka hana um 3,5%. Verð á klst í eftirleitum ákveðið kr. 2.029,-. Rætt um viðhald á heiðagirðingu, heiðavegum og rétt.

Fleira ekki tekið fyrir.

Valgerður Kristjánsdóttir